

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Akranesi



Dags eftirlits	6.12.2012	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Hilmar Björnsson	Staðsetning	350350,973	426834,143

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók Olíudreifingar á Akranesi. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli olíuskilju var mælt með olíuprófi Macherrey-Nagel og stóðst kröfur í reglugerð. Þjónusta skal olíuskilju á árinu.

Loki í frárennsli próa stóð lokaður, en einn endaloki er við þærnar þrjár.

Allir geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2010.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Unnið er að breytingum á geymslu svartolíu við fiskimjölsverksmiðju HB Granda að Hafnarbraut 3A. Einn tvöfaldur geymir verður settur niður í stað þriggja geyma fyrr.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskilja. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Rótast hefur upp úr botni þróar næst sjó, en í stórviðri gengur sjór inn í þróna. Einnig hefur girðing sjávarmegin í stöðinni látið á sjá í illviðrum og þarf að gera við göt á henni.

Frávik frá

ákvæði í grein 1.2 í starfsleyfi og grein 47 í reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, en þar eru ákvæði um gerð og hámarkslekt olíuheldra lekavarna.

Lýsing á fráviki

Rótast hefur upp úr botni þróar um Viðeyjargeyminn, en í illviðrum gengur sjór inn í þróna. Gera þarf við botnlag þróarinnar til að lekt sé innan tilskilinna marka.

ákvæði í grein 1.2 í starfsleyfi og grein 43 í reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, en þar eru ákvæði girðingu um olíubirgðastöðvar.

Girðing um stöðina hefur farið illa í stórviðrum. Göt eru komin á hana svo hún uppfyllir ekki lengur skilyrði í reglugerð.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

ANNAÐ

Þjónusta skal olíuskilju á árinu.

Reykjavík, 11.12.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki

